

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Ísafjarðar Apóteks.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Ísafjarðar Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga kl. 9—19

Laugardaga, aðfangadag og gamlársdag kl. 9—13

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. október 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

5. október 1973.

Nr. 293.

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða til mannflutninga í Hveragerði, Árnessýslu og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hveragerði skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Hveragerðishrepps, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 150 íbúa, sem lögheimili eiga í Hveragerðishreppi, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þegar rétt hlutföll eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis sem losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt leyfi fyrir hverja 150 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansöððu.

2. gr.

Við gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem 31. des. 1972 voru starfandi leigubifreiðastjórar í Hveragerði og gerast meðlimir Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði hafa leyfi til að starfa sem leigubifreiðastjórar, enda hafi þeir sótt um atvinnuleyfi til stjórnar félagsins innan sex mánaða frá gildistöku reglugerðar þessarar, ella fellur réttur þeirra til leyfisins niður.

3. gr.

Enginn bifreiðarstjóri má hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð Hveragerðis, nema hann hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Hveragerði. Leyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Engum má úthlutað fleirum en einu atvinnuleyfi.

4. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu á bifreiðastöð í Hveragerði hafa ekki atvinnuréttindi þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

5. gr.

Bifreiðastjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri skal sækja um, á þar til gerðu eyðublaði, til Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð í Hveragerði um, að umsækjandi geti fengið afgreiðslu.

Atvinnuleyfin skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari.

Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði, en hinn af ráðherra. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Úthlutunarmenn skulu líta eftir, að ákvæðum laga um leigubifreiðar og reglugerðar þessarar sé fylgt.

Stjórn Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði skal senda úthlutunarmönnum til afgreiðslu umsóknir um atvinnuleyfi og annað, sem fyrir þá ber að leggja, samkvæmt reglugerð þessari, ásamt rökstuddum tillögum.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal að öðru jöfnu starfsaldur bifreiðastjóra við akstur leigubifreiða til mannflutninga lagður til grundvallar, þannig að sá, sem lengst-
an hefur starfsaldur sem bifreiðarstjóri við mannflutninga, hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

Starfstími bifreiðastjóra við akstur sérleyfishifreiða til mannflutninga telst við aldursflokkun jafngilda akstri smærri bifreiða.

6. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð í Hveragerði, er hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af hreppsnefnd Hveragerðis.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu, fyrr en viðkomandi bifreiðarstjóri hefur lagt fram atvinnuleyfi sitt.

Leyfið skal vera í vörslu stöðvarinnar á meðan leyfishafi hefur þar afgreiðslu.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð, skal hann þá afhenda þeirri bifreiðastöð, er hann ekur hjá, yfirlýsingu frá þeirri stöð, sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Síðan skal sú bifreiðastöð, sem leyfishafi flytur frá, tilkynna Félagi bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði um flutninginn innan 4 daga.

Bifreiðastöð er óheimilt að halda atvinnuleyfi leyfishafa, ef hann flytur sig löglega til afgreiðslu á aðra bifreiðastöð.

7. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að 6 mánuði.

Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt lengri eða skemmri tíma, en heldur því þó sbr. 2. mgr., og er þá bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal tilkynna fjarveruna til stjórnar Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

8. gr.

Ef leyfishafa er sagt upp afgreiðslu af gildum ástæðum, skal viðkomandi bifreiðastöð afhenda atvinnuleyfi hans formanni Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði samdægurs eða næsta virkan dag.

Leyfið skal vera í vörslu félagsins meðan leyfishafi er að útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð.

Takist leyfishafa ekki að fá afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

9. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp fyrir fullt og allt. Skál hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt og bifreiðastöð sú, sem hann hefur afgreiðslu hjá, síðan afhenda atvinnuleyfi sitt formanni Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða, samdægurs eða næsta virkan dag. Síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari. Á sama hátt skal skila til Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða atvinnuleyfi sem losnar af öðrum orsökum en um getur í 1. mgr., svo sem við andlát leyfishafa, eða ef hann fyrirgerir rétti sínum til leyfisins.

10. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi, aka fyrir sig, nema í eftirfarandi tilfellum:

- a. Ef leyfishafi er veikur.
- b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða, bifreiðastöðvar þeirrar, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkálýðsamtakanna, sem Félag bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða á aðild að.
- c. Ef leyfishafi deyr, heldur ekkja hans atvinnuleyfinu, ef hún æskir þess.

11. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 10. gr. skal hann sækja um það skriflega til Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa, um að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreið sinni.

Félag bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða er þá heimilt að veita undanþágu, og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðarstjóra skylt að bera undanþáguna á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins er þeir æskja þess.

Félag bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða skal halda skrá yfir undanþágur samkvæmt framansögðu.

12. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir þær bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Skál skrá þessi fest upp þar sem bifreiðastjórar eiga greiðan aðgang að og tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og eiganda.

13. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar eða fyrir fullt og allt, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. október 1973.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 294.

8. október 1973.

AUGLÝSING

um skipulag í Innri-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Innri-Akraneshrepps í Borgarfjarðarsýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1973.

Björn Jónsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 295.

8. október 1973.

AUGLÝSING

um skipulag í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Mýrahrepps í Austur-Skaftafellssýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1973.

Björn Jónsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 296.

8. október 1973.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 251 31. des. 1965 um breytingu á reglugerð Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

8. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá Vatnsveitunni skal greiða tengigjald kr. 9.00